

Reykjavík, 2. desember 1996.

Ágæti heimspekikennari.

Með bréfi þessu er boðað til stofnfundar Félags heimspekikennara á grunn- og framhaldsskólastigi sem haldinn verður á Café Paris við Austurvöll laugardaginn 7. desember 1996 kl. 16.

Eðlilegt má telja að heimspekikennarar í framhaldsskólum fari að dæmi annarra kennara og myndi með sér formleg samtök, enda hefur það færst í vöxt á undanförunum árum að boðið sé upp á heimspeki sem valgrein í mörgum framhaldsskólum. Tílefni þessa stofnfundar eru hins vegar þau að um þessar mundir er verið að vinna að endurskoðun aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla og er mikilvægt að heimspekikennarar á þessu skólastigi myndi með sér samtök sem gætu gegnt hlutverki stuðnings- og þrýstihóps gagnvart þeirri vinnu sem fram fer á þeim vettvangi. Markmiðið er að gæta hagsmuna heimspekinnar í aðalnámsskrá framhaldsskóla enda er full ástæða til þess að hún komist þar inn sem viðurkennd námsgrein. Til samanburðar má geta þess að í frönskum menntaskólum hefur heimspeki, a.m.k. til skamms tíma, verið skyldugrein til stúdentsprófs, allt að 8 tímum á viku í máladeildum á síðasta ári í menntaskóla.

Bréf þetta er sent til þeirra kennara sem vitað er að kenna heimspeki í framhaldsskólum, svo og til skóla á framhaldsskólastigi þar sem heimspeki kann að vera kennd þó að bréfitara sé ekki kunnugt um það á þessari stundu. Þeir sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins og komast því líklega ekki á stofnfundinn eru vinsamlegast beðnir að hafa samband símleiðis (5526409) eða í tölvupósti (gunnar@rhi.hi.is). Ekki er vitað til þess að heimspeki sé neins staðar kennd á grunnskólastigi eins og er, en stundum hefur verið boðið upp á heimspeki sem val í tómstundastarfi grunnskóla auk þess sem Heimspekiskólinn hefur um nokkurra ára skeið boðið upp á námskeið í heimspeki fyrir börn. Undirbúningsnefnd þótti því rétt að útiloka ekki fyrirfram að heimspeki yrði einhvern tíma kennd á grunnskólastigi. Ekki hefur á þessu stigi verið tekin afstaða til þess hvort rétt sé að láta félagið ná einnig til háskólakennara í heimspeki sem slíkra en það er eitt af þeim málefnum sem ræða mætti á stofnfundi félagsins.

Með fylgja drög að lögum félagsins sem eru sniðin að fyrirmynd laga félags þýskukennara. Gert er ráð fyrir að þau verði samþykkt í breyttri eða óbreyttri mynd, á stofnfundinum og einnig að þá verði kosin bráðabirgðastjórn en reguleg stjórn á aðalfundi í vor, en þá gæfist einnig tími til að leggja fram tillögur að lagabreytingum ef með þarf.

Með von um góðar undirtektir,

f.h. undirbúningsnefndar

Gunnar Harðarson
stundakennari í heimspeki við Menntaskólann í Reykjavík